

# Siglufjarðarkirkja 25 ára

Miðvikudaginn 28. ágúst s.l. voru liðin 25 ár frá því að hin nýja Siglufjarðarkirkja var vígð. Afmælis þessa var minnzt með hátíðamessu í kirkjunni og samkvæmi í Sjómannna- og gestaheimili Siglufjarðar sunnudaginn 1. sept. s.l. Jafnhliða afmæli þessu var haldinn héraðsfundur Eyjafj. prófastsdæmis.

25 ára afmæli Siglufjarðarkirkju var minnzt með hátíðamessu í kirkjunni og samkvæmi í Sjómannnaheimilinu.

Hinn 28. ágúst 1932 var núverandi kirkjuhús Siglufjarðar vígt. Voru því hin 28. ág. síðastl. rétt 25 ár frá vigsludegi.

Var þessara tímamóta minnst með hátíðamessu í kirkjunni. — Prófastur Eyjafjarðarprófastsdæmis, sr. Sigurður Stefánsson, prestur að Möðruvöllum í Hörgárdal, flutti predíkun, en prestarnir sr. Kristján Róbertsson og sr. Ragnar Fjalar sóknarprestur þjónuðu fyrir altari. Fluttu þeir Hvítasunnnumessusöng, eftir séra Bjarna Þorsteinsson prófessor. — Annaðist Kirkjukór Siglufjarðar sönginn undir stjórn Páls Erlends-sonar.

Við messu voru staddir aðkomu- prestar auk prófasts og séra Kristjáns, þeir séra Fjalar, prestur í Hríssey og faðir hans past.em. Sigurjón Jónsson. Þá voru og viðstaddir allir safnaðarfulltrúar, er setið höfðu héraðsfund hér daginn áður.

Einnig voru viðstaddir eldri Siglufirðingar búsettir annarsstaðar, meðal annarra frú Ólöf Blöndal, ekkja Soph. sál. Blöndals, kaupmanns hér í bæ, en hann og þau hjón unnu mjög að því að þetta myndarlega guðshús væri byggt.

Athöfnin í kirkjunni fór öll fram með virðulegum hátíðablæ.

Síðastliðinn vetur var kirkjan máluð að innan, og utanhúss var málningu lokið fyrir skömmu. — Þótti kirkjan breyta mjög um svip við málninguna. Áður var kirkjan að innan í ljósum litum, fremur fülleit, sviplítil en þó alltaf viðkunnanleg. Með nýju málningunni komu sterkari litir, sem þykja gera kirkjuna svipmeiri og liflegri, en sóma sér vel.

Málningarverksmiðjan Harpa h.f. Reykjavík lagði til allt efni, en litasérfræðingur hennar, Hörður Ágústsson listmálari, réði litum bæði innan kirkju og utan.

Þennan afmælisdag var sigl- firzkt. blíðuveður, stafalogn og sólskin. Geislar sumarsólarinnar léku um kirkjuna og ljómaði hún öll af gulli og glans og jók mjög þann hátíðablæ, sem á kirkjuat- höfninni var. Nýstárlegur við- burður í kirkjuathöfninni var sá, að brjúðhjónaefni voru gefin sam-

an í messunni, þau fróken Edda Thorlacíus, nemandi í lyfjafræði og Sigurður Ísaksson iðnnemi, bæði úr Reykjavík. Sóknarprestur gifti.

Að aflokinni messu, var sett að kaffidrykkju í Sjómannnaheim- ilinu. Hafði sóknarnefndin boðið til þessa afmælishófs, og stjórnaði formaður hennar, Andrés Hafliða- son, því með ágætum. Bauð hann gesti velkomna til þessa hófs. —

Þá voru margar ræður fluttar og sungnir ættjarðarsöngvar og sálmar á milli þeirra. Ræður fluttu prófasturinn séra Sigurður Stefánsson, safnaðarfulltrúarnir Jón Melsteð frá Hallgílsstöðum og Magnús Hólm fulltrúi frá Saur- bæjarþingum í Eyjafirði, Baldur Eiríksson forseti bæjarstjórnar, Jóhann Jóhannsson skólastjóri Gagnfræðaskólans, séra Kristján Róbertsson, frú Guðrún Björns- dóttir, séra Fjalar Sigurjónsson frá Hríssey og sóknarpresturinn séra Ragnar Fjalar. Frá öllum ræðumönnum bárust heillaóskir til kirkjunnar á þessum tímamótum.

Tvær ræður voru þarna dálítið sérstaðar. Frú Guðrún Björns- dóttir ryfjaði upp nokkrar ljúfar endurminningar viðkomandi bygg- ingu þessarar kirkju og fór mikl- um og verðugum lofsorðum um þann mikla þátt, sem Sophús heit. Blöndal kaupmaður átti í að koma upp kirkjunni, og mælti um leið nokkur orð til eftirlifandi konu hans, frú Ólafar Blöndal, er skip- aði eitt heiðurssetið í samsætinu. Þá minntist frú Guðrún á altaris- töfluna, sem nú prýðir gafli kórs- ins. Kvað hún hana hafa verið gjöf til kirkjunnar frá nokkrum góðum unnendum hennar. — Í því sambandi las hún útdrátt úr ræðu, er Þormóður Eyjólfsson hélt, er taflan var afhent kirkjunni. — Ekki hefur enn verið upplýst um alla gefendur, en sá sem átti fyrstu uppástunguna og stærsta fjárframlag til kaupa á altarisstöf- lunn, kvað frúin ekki lengur vera leyndarmál og skýrði frá, að það hefði verið Ingvar heitinn Guð- jónsson útgerðarmaður.

En sjálfsagt hafa þeir Þormóð- ur og Sophús stutt mjög upp- stunguna og verið þess mjög fýs- andi, að Siglufjarðarkirkja eign- aðist þetta fagra málverk eftir Gunnlaug Blöndal listmálara.

Séra Ragnar hélt einkar fróð- legt erindi um kirkjunnar á Siglu-

nesi og Hvanneyri og flutning þeirra frá Siglunesi að Hvanneyri, ofan á Eyrina og síðan á þennan stað, sem hún nú stæði.

Flutti að síðustu þakkarorð til allra, sem hefðu fært kirkjunni góðar og myndarlegar gjafir fyrr og síðar og hlynt svo að kirkju- unni, að telja meg, að hún sé nú með myndarlegustu og vistlegustu kirkjuhúsum á þessu landi.

Að síðustu las sóknarnefndar- form. upp allmörg heillaskeyti, sem kirkjunni hafði borizt. — Einnig las hann upp tilkynningu frá Kvenfélaginu Von hér í bæ þess efnis, að það gæfi kr. 2500 í orgelsjóð kirkjunnar, og upplýsti um leið, að allt efni til málningar á kirkjunni hefði verið gefið, en mætti ekki að svo stöddu, geta gefandans. — Þakkaði hann öllum, sem á einn eða annan hátt hefðu sýnt Siglufjarðarkirkju vinarhug, þakkaði öllum fyrir þátttöku í þessum afmælisfagnaði og bað aðkomufólki heillrar heim- komu.

Yfir samsætinu hvíldi léttur, frjálslegur og virðulegur blær og fór það mjög vel fram. Því lauk þann veg, að allir risu úr sætum og sungu „Þín miskunn á guð“.

## Héraðsfundur Eyja- fj. prófastsdæmis

var haldinn hér laugardaginn 31. ág. síðastl. Er það í fyrsta sinn, sem sá fundur er haldinn hér. Fyrir fundinn voru lagðir árs- reikningar allra sökna í prófast- dæminu til umræðu og samþykkt- ar. Ennfremur voru til umræðu ýmis mál, er varða kirkjulega starfsemi.

Að afloknum fundi, sátu fundar- menn kvöldboð, kaffidrykkju, heima á Hvanneyri hjá presthjón- unum frú Herdís og sr. Ragnar Fjalar. Var veitt með myndarskap og rausn og kvöldstundin hin ánægjulegasta.

## Góður og gamall Siglufirðingur kveður samborgara sína.

„Um leið og ég flyt héðan frá Siglufirði, sendi ég ykkur, kærur Siglufirðingar, hugheilar kveðjur og velfarnaðar óskir. Ólöf Barðadóttir“.

Eins og sést á ofanrituðu er frú Ólöf Barðadóttir alflutt héðan til Reykjavíkur, og sett hún að hjá dóttur sinni, Vilhelminu og tengda syni Kristjáni Karlssyni.

Frú Ólöf var fædd á Siglufirði, dóttir hins margrómaða og ágæta skipstjóra Barða Guðmundssonar Brynjólfssonar, verzlunarstjóra hér og Guðrúnar Einaradóttur.

Hér sleit frú Ólöf sínum barns- skóm. Hér átti hún sína æsku- drauma og fjölmargar ánægju- stundir í hópi glaðra systkina og frændaliðs. Hér bjó hún sín mann- dómsár; stofnaði indælt heimili með manni sínum, Vilhelm Jóns- syni, kaupmanni. Ánægjustund irnar voru margar, sem hún átti á heimili sínu — en skin og skúr skiptist tíðum á í lífi okkar mann- anna — hún varð líka að þola þungar og erfiðar sorgarstundir. Hún varð að sjá á eftir tveimur börnum sínum á bernsku og æsku- skeiði yfir móðuna miklu. Maður hennar missti heilsuna og 9 ár, löng og stundum erfið, sat hún við sjúkrabeð hans og hjúkraði honum með stakri alúð og innileik þar til hann hlaut hinztu hvíld.

Úr þessum miklu mannraunum kom Ólöf sem hetja. Yfir henni hvíldi höfug ró og friður, og virt- ist manni við frekari kynni, líða straumur yls og hlýleika frá henni til alls og allra. Hún var guðrækin og unni kirkjunni sinni. Var hún

þar viðstödd við hverja messu og aðrar athafnir, sem þar fóru fram og sat þá alltaf í sama bekknum.

Hún var bundin órofa tryggða- böndum þænum sínum og sam- ferðafólki, og því mun henni hafa fundizt erfitt að slíta þessi gömlu tengsl og flytja héðan. En dóttir hennar þráði að veita móður sinni aðstoð og aðhlyningu á elliár- unum og það varð að ráða.

Oft mun frú Ólöf renna hug- anum norður yfir fjöllin til æsku- stöðvanna og æskuvinnanna, sem eru hér eftir búsettir.

Og um leið og hún flytur héðan, færir henni allt gamla samferða- fólkið og það yngra, sem kynntist henni, alúðarfyllstu þakkir fyrir ógleymanlegar liðnar samveru- stundir og óska henni guðs bless- unar og varðveizlu til hinztu stundar. P. E.



### SIGLFIÐINGAR!

Við erum enn með lægstu hlut- fallstölu samanborið við aðra kaupstaði, í samnorrænu sund- keppninni. Athugið, að sundlaug- inni verður lokað 15. sept., er því aðeins um viku að ræða til þess að ljúka af þessari keppni. Nú verða allir, sem geta synt þessa 200 metra, að ljúka þeim, vilji þeir ekki, að bæjarfélag þeirra dragist langt aftur úr hliðstöðum kaupstöðum í þessari keppni.